

Ár þriðjudaginn 11. október kl. 13:00 er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á lögmannsstofu Sigurðar G. Guðjónssonar að Laugavegi 182, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni hrl., Brynjari Níelssyni hrl., og Lúðvík Erni Steinarssyni hrl.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 3/2010

Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar  
gegn  
Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur:

Mál það sem hér er til meðferðar barst skrifstofu KSÍ þann 31. ágúst 2010. Dómarar málsins komu saman þann 6. september og fóru yfir málgögn. Í framhaldi var óskað greinargerðar frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Greinargerð Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ barst dómnum 17. september 2010.

Áfrýjunardómstóll telur ekki þörf á frekari öflun gagna enda meginreglan sú um starfsemi dómsins að hvorki ný gögn verði lögð fyrir hann né að þar fari fram skýrslutökur.

#### **Dómkröfur**

Áfrýjandi gerir þessar kröfur:

Aðallega að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felld úr gildi og lagt fyrir nefndina að kveða upp úrskurð í málinu.

Til vara er þess krafist að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felld úr gildi og FH verði ekki gerð refsing vegna hins meinta atviks.

Til þrautavara er þess krafist að sektin verði verulega lækkuð.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði.

#### **Málsatvik**

Í skýrslu dómara um framkvæmd leiks áfrýjanda og Fylkis í meistaraflokki karla, Pepsí deildinni, þann 22. ágúst sl., kemur fram að dómari leiksins Kristinn Jakobsson gerði sérstaka athugasemd við framkomu eins af stjórnarmönnum áfrýjanda, Lúðvíks Arnarsonar varaformanns. Taldi dómari, varaformanninn hafa sýnt af sér óíþróttalega framkomu með köllum að dómurum leiksins og leikmönnum Fylkis. Hafi köll stjórnarmannsins verið ósvífin, særandi og dónaleg. Telur dómari hegðun þessa óviðunandi.

Hið sama er ítrekað í athugasemdum og skýringum við skýrslu eftirlitsmanns KSÍ, Þórðar G. Lárussonar.

Þórður G. Lárusson lætur þess þó getið að hann hafi verið andspænis Lúðvík á vellinum og ekki heyrt í honum. Undir athugasemdir Kristins Jakobssonar virðist taka annar dómari leiksins, Jóhann Gunnar. Nafn hans er þó hvergi að finna á skýrslu dómara um framkvæmd leiksins. Ekkert kemur fram hver var þriðji dómari á leiknum.

Samkvæmt gr. 4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þá skulu þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.

Ekki er ágreiningur um það að Lúðvík Arnarson, varaformaður áfrýjanda sat í það minnsta hluta leiks áfrýjanda og Fylkis einn á þeim stað sem dómari tilgreinir. Ekki virðist heldur ágreiningur um það að varaformaðurinn hafi haft sig nokkuð í frammi á leiknum.

Mat dómara leiksins í skýrslu sinni var, að framkoma varaformannsins hefði verið óíþróttamannleg. Sú skýrsla var grundvöllur þess að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tók mál varaformannsins fyrir sem agamál á grundvelli 6. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og gerði áfrýjanda sekt samkvæmt gr. 13.9.4 í nefndri reglugerð að fjárhæð kr. 30.000.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt gr. 5.1 í reglugerðar KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum. Hin kærða ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar var ekki rekið sem kærumál fyrir nefndinni.

Í grein 5.2 segir síðan „Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í agamálum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum“. Meðal undantekningartilvika eru samkvæmt gr. 5.2.2 Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 25.000.

Það er niðurstaða áfrýjunardómstóls KSÍ að hann hafi á grundvelli síðastgreinda ákvæðisins heimild til að taka mál þetta til efnislegrar úrlausnar, þó hin kærða ákvörðun sé ekki kölluð úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í gögnum málsins.

Það er í verkahring dómara knattspyrnuleikja að halda utan um leiki og framkvæmd þeirra með öðrum dómurum og eftirlitsmönnum og skila skýrslu þar um til Knattspyrnusambands Íslands. Sú skýrsla getur orðið grundvöllur agaviðurlaga á vettvangi Knattspyrnusambandsins án þess að til kæru komi af hálfu þeirra sem brot kann að hafa beinst gegn.

Í skýrslu dómara leiks áfrýjanda og Fylkis þann 22. ágúst 2010 kemur fram að dómari telur varaformann áfrýjanda hafa sýnt af sér óíþróttalega framkomu í garð dómara og andstæðinga áfrýjanda. Við það mat dómara leiksins verður að una.

Á fundi sínum þann 24. ágúst 2010 gerði aga- og úrskurðarnefnd KSÍ áfrýjanda sekt að fjárhæð kr. 30.000 vegna brots varaformannsins, sem svarar til ríflega helmings refsiramma gr. 13.9.4.

Það er meginregla allrar refsivörslu að refsingar verði hverju sinni að hæfa því broti sem framið er. Þegar háttsemi hins brotlega er háð mati þess sem er á vissan hátt þolandi brotsins, dómara leiksins, og ekki verður komið við ótvíræðum sönnunargögnum um háttsemi hins brotlega verður að fara sérlega varlega í beitingu viðurlaga, enda refsingin fremur en viðurlögin, það sem kann að hafa hin almennu varnaðaráhrif í málum eins og því sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt gr. 4.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er félag ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

Í því máli sem hér er til úrlausnar var það forsvarsmaður áfrýjanda, varaformaðurinn, sem hafði í frammi óíþróttamannlega framkomu að mati dómara leiksins. Líta verður slík brot alvarlegum augum enda til þess ætlast að forsvarsmenn knattspyrnufélaga innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands sýni dómurum og mótaðilum fulla virðingu í orði og verki.

Að öllu þessu virtu telst refsing áfrýjanda hæfileg kr. 20.000.

Dómsorð.

Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar greiði KSÍ kr. 20.000 í sekt.

Sigurður G. Guðjónsson

Brynjar Níelsson

Lúðvík Örn Steinarsson.